

N Á T T Ú R U F R ÆÐ I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalavörður
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. maí 2018

2018040027/42-1-1

TB

tb

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.),
467. mál.**

Vísað er til tölvupósts;bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 467. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og telur þær breytingar sem þar er lagðar til mjög til bóta. Nái frumvarpið fram að ganga mun það gera lög um mat á umhverfisáhrifum skýrari hvað varðar alla málsmeðferð, bæta faglega umgjörð laganna og styrkja að farið sé eftir niðurstöðum úr mati á umhverfisáhrifum. Hér má nefna styrkingu á faglegri þekkingu sbr. 2. gr., þriðju grein. um inntak mats á umhverfisáhrifum, tengingu ákvvarðana og viðmiða í 2. viðauka sbr. 5. gr., kröfu um að sveitastjórnir rökstyðji og fari eftir viðmiðum 2. viðauka við ákvörðun um matsskyldu sbr. 5. gr. og nánari útfærslu á m.a. matsáætlun og matsskýrslu, 7. og 8. gr.

Náttúrufræðistofnun telur ákvæði um að framfylgt sé ákvæðum leyfisins um mótvægisgerðir og vöktun o.s.frv. í 15. gr. mjög mikilvægt og sömuleiðis ákvæði um sameiginlegt eða samræmt ferli er varða mat á umhverfisáhrifum og skipulagsgerð og gerð starfsleyfis sbr. 18. gr. Náttúrufræðistofnun telur þær breytingar sem lagðar eru til á 2. viðauka laganna allar til bóta og gera viðaukann skýrari.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

